

Starfsáætlun 2023

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Efnisyfirlit

BLS 3

FRAMKVÆMDASTJÓRI

BLS 7

HAG- OG UPPLÝSINGASVIÐ

BLS 10

KJARASVIÐ

BLS 15

LÖGFRÆÐI- OG VELFERÐARSVIÐ

BLS 21

REKSTRAR- OG ÚTGÁFUSVIÐ

BLS 24

ÞRÓUNAR- OG ALÞJÓÐASVIÐ

Framkvæmdastjóri

Megin markmið

Að sjá til þess að stefnumörkun landsþinga sambandsins sé framfylgt og að starfsemi þess sé á hverjum tíma hagað í samræmi við ákvæði samþykktá sambandsins og annarra mikilvægra samfélagslegra gilda.

Helstu verkefni

- Að styrkja hlutverk sambandsins að vera sameiginlegur málsvari sveitarfélaganna og vinna að sameiginlegum hagsmunamálum þeirra gagnvart ríkisvaldinu og öðrum innlendum sem erlendum aðilum.
- Að þjóna sveitarfélögum á sviði vinnu- markaðsmála, lögbundinna verkefna og á öðrum sviðum í takti við þróun og breytingar á sveitarstjórnarstiginu.
- Að stunda góða og heiðarlega starfshætti og skilvirk og vönduð vinnubrögð.
- Undirbúa stjórnarfundum og framfylgja samþykktum stjórnar sambandsins og undirbúa árlega fundum og ráðstefnum á vegum sambandsins.
- Vinna með og aðstoða formann sambandsins við að sinna hlutverki sínu.
- Taka þátt ársfundum landshlutasamtaka sveitarfélaga og öðrum fundum stofnana sem tengjast verkefnum sveitarfélaga og flytja erindi um málefni sveitarfélaga og sambandsins eftir þörfum.
- Funda með þeim fastanefndum Alþingis sem fjalla um mál er tengjast sveitarfélögum og kynna starf sambandsins, stefnumörkun þess og sveitarstjórnarstigið almennt.
- Undirbúa og framfylgja samkomulagi sambandsins og viðkomandi ráðuneyta um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga á grundvelli laga um opinber fjármál.
- Taka þátt í og tryggja skilvirkt starf samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga, Jónsmessu- nefndar.
- Koma að mótun markmiða og kjarasamnings- stefnu sambandsins og taka þátt í kjaramálasamstarfi sveitarfélaga og ríkis.
- Vinna að eflingu sóknaráætlana, húsnæðis- mála og byggðamála.

Áhersluatriði framkvæmdastjóra

Samskipti við ríkið, sveitarfélög og aðra

- Kafnar í
stefnumörkun
- Vinna að kynningu og framkvæmd stefnumörkunar sambandsins fyrir árin 2022-2026. → Allir kaflar
 - Vinna með starfshópi að gerð stefnumótandi áætlunar ríkisins um málefni sveitarfélaga. → 1.1-1.12
 - Taka þátt og tryggja að fram fari reglulegir fundir með ráðherrum sem tengjast mest verkefnum sveitarfélaga. → 2.2
 - Efla að nýju starfsemi Jónsmessunefndar. → 2.2
 - Vinna að fækkun grárra svæða í þjónustu hins opinbera. → 4.1
 - Undirbúa, skipuleggja og taka þátt í eftir atvikum í staðfundum formanns sambandsins með öllum sveitarfélögum.
 - Vinna að auknu samstarfi sambandsins og landshlutasamtaka sveitarfélaga. → 2.4, 8.1

Tekjustofnar

- Kafnar í
stefnumörkun
- Vinna að bættum vinnubrögðum við undirbúning samkomulags á grundvelli LOF. → 3.1
 - Leitast við að tryggja kostnaðarmat lagafrumvarpa og reglugerða sem hafa áhrif á sveitarfélög og tryggja að útgjöld verði fjármöggnuð. → 3.2
 - Vinna að breikku og styrkingu tekjustofna sveitarfélaga í samræmi við stefnumörkun sambandsins. → 3.3

Tekjustofnar frh.

- | | Kaflar í
stefnumörkun |
|---|--------------------------|
| • Styðja við starfshóp um endurskoðun á regluverki jöfnunarsjóðs. | → 3.4 |
| • Vinna áfram að aukinni þátttöku ríkisins í kostnaði við þjónustu við fatlað fólk. | → 3.8 |
| • Vinna áfram að því að ríkið yfirtaki verkefni Innheimtustofnunar sveitarfélaga. | → 1.10 |
| • Vinna áfram að þróun fjárhagslegs sjálfbærnilíkans fyrir sveitarfélögin. | → 3.1 |

Húsnæðis- og byggðamál

- | | Kaflar í
stefnumörkun |
|---|--------------------------|
| • Styðja við og taka þátt í framkvæmd ramma-samnings um húsnæðismál. | → Kafli 6 |
| • Stuðla að því að ofanflóðasjóður auki ábyrgð sína á viðhaldi ofanflóðamannvirkja. | → 8.24 |
| • Taka þátt í mótun nýrrar byggðaáætlunar | → 8.1 |
| • Leitast við að fjölga ráðuneytum sem fjármagna sóknaráætlanir landshluta. | → 8.2 |
| • Vinna náið með HMS og Byggðastofnun í verkefnum sem hafa sterk tengsl við sveitarfélögin. | → 8.1 |

Stafræn þróun og upplýsingar

- | | Kaflar í
stefnumörkun |
|---|--------------------------|
| • Styðja við söfnun og miðlun samtíma-upplýsinga á vegum sambandsins. | → 2.6 |



Áhersluatriði framkvæmdastjóra

Stafræn þróun og upplýsingar frh.

- | | Kaflar í
stefnumörkun |
|---|--------------------------|
| • Endurskoða upplýsingamiðlun sambandsins. | → 2.8-2.9 |
| • Styðja við mótun samráðsvettvangs sambandsins, Byggðastofnunar, HMS og Hagstofu Íslands um söfnun, samnýtingu og miðlun upplýsinga. | → 2.6 |
| • Stuðla að nýsköpun og stafrænni framþróun í starfsemi hins opinbera. | → 2.1, 9.1, 9.2 |
| • Huga að framtíðarskipulagi starfrænnar þróunar á vettvangi sambandsins. | → Kafli 2 |

Kjaramál

- | | Kaflar í
stefnumörkun |
|---|--------------------------|
| • Styðja kjarasvið og samninganefnd sambandsins við mótun markmiða og framfylgd þeirra á sviði kjaramála. | → Kafli 10 |
| • Taka þátt í samráði opinberra vinnuveitenda á sviði kjaramála. | → 2.3, 10.7 |

Innri mál sambandsins

- | | Kaflar í
stefnumörkun |
|--|--------------------------|
| • Hefja vinnu við endurskoðun á innra skipulagi í starfsemi sambandsins. | → Kafli 2 |

Hag- og upplýsingasvið

Megin markmið

Meginhlutverk hag- og upplýsingasviðs er öflun, úrvinnsla, miðlun og greining á hagrænum upplýsingum um starfsemi sveitarfélaga til notkunar við samanburð milli sveitarfélaga og hagsmunagæslu fyrir þau.

Helstu verkefni

- Samantekt og samræming upplýsinga um fjármál og rekstur sveitarfélaga, m.a. úr ársreikningum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga.
- Öflun upplýsinga í miðlægt gagnalón um rekstur og fjármál sveitarfélaga.
- Upplýsingamiðlun um fjármál og rekstur sveitarfélaga á vefsíðu sambandsins.
- Áætlanir um líklegar staðgreiðslutekjur sveitarfélaga á komandi fjárhagsári.
- Eftirlit með uppgjöri og skilum á mánaðarlegri staðgreiðslu útsvars til sveitarfélaga.
- Ráðgjöf til sveitarfélaga m.a. um forsendur og annað er viðkemur fjárhagsáætlanagerð.
- Dagskrá fjármálaráðstefnu sveitarfélaga og almenn fræðsla um rekstur og fjármál sveitarfélaga.
- Samstarf við Hagstofu Íslands.
- Samstarf við ráðuneyti fjármála og sveitarfélaga um fjármálaáætlun o.fl. á vettvangi samráðsnefndar um opinber fjármál.
- Undirbúningur funda Þjóðhagsráðs.
- Utanumhald um Samtök orkusveitarfélaga og Samtök sjávarútvegssveitarfélaga.
- Úttekt á fjárhagsstöðu hafna fyrir Hafna-samband Íslands.

Áhersluatriði hag- og upplýsingasviðs

Öflun og miðlun gagna um rekstur og fjármál sveitarfélaga

- | | Kaflar í stefnumörkun |
|---|-----------------------|
| • Efna til kynninga fyrir sveitarfélög á bókhaldslyklum í reglugerð fyrir fræðslumál og félagsþjónustu. | → 8.1 |
| • Þróa mælaborð með fjölpættum upplýsingum um starfsemi sveitarfélaga. | → 2.6 |
| • Auka samstarf við Hagstofu, Byggðastofnun og HMS um gagnaöflun og greiningu. | → 8.1 |
| • Einfalda gagna tengingu við Hagstofu. | |
| • Þróun upplýsingaöflunar í gagnalón sambandsins um launa-, fræðslu- og félagsmál. | → 2.6 |
| • Koma á fót gagna- og greiningarteymi milli sviða. | → 2.6 |


Fræðsla og umræður um rekstur og fjármál sveitarfélaga

- | | Kaflar í stefnumörkun |
|--|-----------------------|
| • Þróa fjögur námskeið og vinnustofur í sveitarfélagaskólanum. | → 2.6 |
| • Undirbúa aðgengilegt og notendavænt fræðsluefni um rekstur og fjármál sveitarfélaga á stafrænu formi og endurskoða framsetningu á vefsíðu sambandsins. | → 2.8 |
| • Uppsetning, úrvinnsla og þróun launaupplýsinga. | → 10.3 |
| • Þróa áfram dagskrá og fyrirkomulag fjármálaráðstefnu sveitarfélaga með hliðsjón af síðasta ráðstefnumati. | → 2.8 |

Stuðningur við fjármálastjórn sveitarfélaga

Kaflar í
stefnumörkun

- Greining á fyrirkomulagi álagningar fasteignaskatts. Spálíkan um þróun tekna af fasteignasköttum útbúið. → 3.6
- Vinna áfram að þróun sviðsmyndalíkans um fjárhagslega sjálfbærni sveitarfélaga og útsvars í samstarfi við Analytica. → 3.3
- Þróa líkan um mannaflapörf sveitarfélaga í samvinnu við Kjarasvið o.fl. → 2.6
- Þróa spálíkan fyrir útsvarstekjur einstakra sveitarfélaga út frá skattframtölum. → 3.3
- Vinna að bættum vinnubrögðum við undirbúning samkomulags á grundvelli LOF. → 3.1
- Styðja við starfshóp um endurskoðun á regluverki jöfnunarsjóðs. → 3.4
- Stefna um fiskeldismál og niðurlagning Fiskeldissjóðs. → 8.26



Kjarasvið

Megin markmið

Kjarasvið hefur það meginhlutverk að upplýsa og leiðbeina sveitarfélögum á sviði kjaramála, vinnumarkaðsmála og mannauðsmála. Kjarasvið annast kjarasamningagerð og hefur fyrirvar í kjaramálum fyrir þau sveitarfélög sem veita Sambandi íslenskra sveitarfélaga umboð sitt til þess og veitir stjórnendum og sérfræðingum sveitarfélaga sem vinna við framkvæmd kjarasamninga, ráðgjöf og aðstoð við túlkun og framkvæmd allra kjarasamninga Sambands íslenskra sveitarfélaga. Kjarasvið annast samskipti og samvinnu við aðila vinnumarkaðarins í málefnum er varða íslenskan vinnumarkað.

Helstu verkefni

- Sérfræðiráðgjöf og fræðsla til sveitarfélaga um kjaramál, vinnurétt og mannauðsstjórnun með sérstakri áherslu á upplýsingamiðlun til framkvæmdastjóra sveitarfélaga, mannauðsstjóra, stjórnenda stofnana og launafulltrúa.
- Undirbúningur kjarastefnu og samningsmarkmiða stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Kostnaðarmat kjarasamninga.
- Gerð gagnagrunna, kjararannsóknna og kostnaðargreininga.
- Þátttaka í samstarfsnefndum kjarasamninga og annarra nefnda sem tengjast kjaramálum sveitarfélaga.
- Úrvinnsla bókana með kjarasamningum.
- Seta í stjórnnum starfsmenntunarsjóða stéttarfélaganna.
- Þátttaka í nefndar- og stjórnarstörfum í tengslum við kjaramál og önnur mál er varða íslenskan vinnumarkað.
- Samvinna við Reykjavíkurborg um rekstur Jafnlaunastofu, rekstur starfsmatskerfisins SAMSTARFS og Verkefnastofu starfsmats.
- Samstarf við Hagstofu Íslands.
- Norrænt samstarf um kjaramál, vinnurétt og kjaramál kennara.
- Vöktun vinnumarkaðslöggjafar ESB.

Kjarasamningar - mars 2023

Kaflar í
stefnumörkun

• ASÍ

- Efling, stéttarfélag v/Kóp, Seltj., Mos og Ölfus
- Félag vélstjóra og málmteknimanna
- Matvís
- Rafiðnaðarsambandið
- Samiðn



10.1, 10.2,
10.5

• BHM

- Dýralæknafélag Íslands
- Félag íslenskra félagsvísindamanna
- Félag íslenskra hljómlistarmanna
- Félag íslenskra náttúrufræðinga
- Félagsráðgjafafélag Íslands
- Fræðagarður
- Iðjubjálfafélag Íslands
- Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga
- Sálfræðingafélag Íslands
- Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræða
- Stéttarfélag lögfræðinga
- Proskabjálfafélag Íslands



10.1, 10.2,
10.5

• BSRB

- FOSS, félag opinberra starfsmanna á Suðurlandi
- Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi
- Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum
- KJÖLUR stéttarfélag starfsmanna í almannabjónustu
- KJÖLUR stéttarfélag v. tónlistarkennara
- Sameyki
- Starfsmannafélag Dala- og Snæfellsnessýslu
- Starfsmannafélag Fjallabyggðar
- Starfsmannafélag Garðabæjar
- Starfsmannafélag Hafnarfjarðar
- Starfsmannafélag Húsavíkur
- Starfsmannafélag Kópavogs
- Starfsmannafélag Mosfellsbæjar
- Starfsmannafélag Suðurnesja
- Starfsmannafélag Vestmannaeyja



10.1, 10.2,
10.5

• KÍ

- KÍ v/Félags grunnskólakennara
- KÍ v/Félags leikskólakennara
- KÍ v/Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum



10.1, 10.2,
10.5



Áhersluatriði kjarasviðs

Kjarasamningar – mars 2023 frh.

- **Stéttarfélag utan bandalaga**
- Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga
- Stéttarfélag byggingarfræðinga
- Verkfræðingafélag Íslands



Kaflar í
stefnumörkun

10.1, 10.2,
10.5

Kjarasamningar – september 2023

- **ASÍ**
- AFL - Starfsgreinafélag Austurlands
- Aldan stéttarfélag
- Bárán stéttarfélag
- Drífandi stéttarfélag
- Eining - Iðja
- Framsýn stéttarfélag Þingeyinga
- Stéttarfélag Vesturlands
- Stéttarfélagið Samstaða
- Verkalýðsfélag Grindavíkur
- Verkalýðsfélag Snæfellinga
- Verkalýðsfélag Suðurlands
- Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis
- Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur
- Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur
- Verkalýðsfélag Akraness
- Verkalýðsfélag Þórshafnar
- Verkalýðsfélag Vestfirðinga
- Verkalýðsfélagið Hlíf



Kaflar í
stefnumörkun

10.1, 10.2,
10.5

- **BSRB**
- Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna
- Sjúkraliðafélag Íslands



10.1, 10.2,
10.5

- **KÍ**
- KÍ v/Félags stjórnenda leikskóla
- KÍ v/Skólastjórafélags Íslands



10.1, 10.2,
10.5

Kjarasamningar – september 2023 frh.

- Stéttarfélag utan bandalaga
- Félag skipstjórnarmanna
- Samband stjórnendafélaga

Kaflar í
stefnumörkun



10.1, 10.2,
10.5

Verkefni kjarasamninga

- Jöfnun launa og kjara milli markaða verði markaður farvegur til framtíðar.
- Metin verði árangur af tilraunaverkefninu um styttingu vinnutíma.
- Samið verði um styttingu vinnutíma í dagvinnu og vaktavinnu í kjarasamningum.
- Veikindakafli kjarasamninga verði endurskoðaður.
- Ráðningarform tímavinnu verði endurskoðað.
- Endurskoðun laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 64/1986.
- Önnur mál sem dómur hafa fallið í eða eru í ágreiningi s.s. akstursgreiðslur, mat á fagreymslu/starfsreynslu.

Kaflar í
stefnumörkun



10.1, 10.2,
10.5, 10.6

Fræðslumál

- Unnið verði að því að efla fræðslu - upplýsingaflæði til framkvæmdaaðila kjarasamninga.
- Starfsþróunarnefnd móti stefnu varðandi hlutverk sitt og áherslur.
- Unnið verði að sameiningu mannauðssjóða BSRB samhliða aðildar aðila að Starfsmennt.

Kaflar í
stefnumörkun



10.1

Samráð og kynningar kjarasamninga

- Haldnir verða samráðs- og upplýsingafundir með framkvæmdastjórum, mannauðsstjórum og fleiri hópum stjórnenda sveitarfélaga þegar kröfugerðir stéttarfélaga liggja fyrir.
- Haldnir verða kynningarfundir á nýjum kjarasamningum þegar þeir hafa verið samþykktir.

Kaflar í
stefnumörkun



10.1, 10.2



Áhersluatriði kjarasviðs

Jafnlaunastofa og starfsmat

- Ljúka 5 ára endurskoðun starfsmats.
- Lögð verður áhersla á aðgengilega fræðslu um starfsmat og verkferla því tengdu.
- Uppfærsla á vefsíðu starfsmatsins.
- Áframhaldandi þróun fræðslu og kynningar-efnis um jafnlaunamál og virðismat starfa.
- Aukið verði framboð á fræðslu um jafnlaunamál s.s. um samspil starfsmats og jafnlaunavottunar.
- Virði kvennastarfa - verkefni forsætisráðuneytis.

Kaflar í
stefnumörkun

→ 10.4

Kjaramálanefnd

- Kjaramálanefnd sambandsins verði eflid.

→ 10.8

Samstarfsverkefni með hag- og upplýsingasviði

- Stafræn söfnun launaupplýsinga.
- Undirbúningur mannaflaspár sveitarfélaga.
- Gerð fræðslumyndbanda fyrir framkvæmdaðila kjarasamninga.

→ 10.3

Samstarfsverkefni með lögfræði- og velferðarsviði

- Starfsemi slökkviliða.
- Skólamál.

Lögfræði- og velferðarsvið

Megin markmið

Meginhlutverk lögfræði- og velferðarsviðs er að gæta hagsmuna sveitarfélaga við undirbúning og setningu löggjafar og stjórnvaldsfyrirmæla sem snerta sveitarstjórnarstigið og vinna að stefnumótun og þróunarverkefnum á sviði skólamála, félagsþjónustu og umhverfismála. Einnig veita lögfræðingar og aðrir sérfræðingar sviðsins stoðþjónustu fyrir önnur svið og samstarfsstofnanir sambandsins jafnframt því að veita sveitarfélögum almenna ráðgjöf.

Helstu verkefni

- Þátttaka í stefnumótun um starfsemi og starfsumhverfi sveitarfélaga.
- Samskipti við Alþingi, ráðuneyti og aðrar stofnanir til að gæta hagsmuna sveitarfélaga.
- Gæta hagsmuna sveitarfélaga með öflugum og skilvirkum hætti og standa vörð um sjálfstjórnarrétt þeirra.
- Stuðla að því að verkefnaskipting milli ríkis og sveitarfélaga sé í senn eðlileg og sanngjörn með tilliti til ábyrgðar á faglegum og fjárhagslegum þáttum. Sérstök áhersla er lögð á að tryggja þessa þætti við undirbúning löggjafar og við setningu reglugerða.
- Þátttaka í fjölmörgum nefndum og starfshópum er varða hagsmuni sveitarfélaga ásamt samskiptum við fulltrúa sambandsins í nefndum og ráðum sem tengjast verkefnum sviðsins.
- Vinna að framkvæmdlögbundins kostnaðarmats lagafrumvarpa, tillagna að stjórnvaldsfyrirmælum og annarra stefnumarkandi ákvarðana af hálfu stjórnvalda ríkisins sem varða sveitarfélögin.
- Gerð umsagna um lagafrumvörp og önnur þingmál, drög að reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum.
- Lögfræðileg ráðgjöf og upplýsingagjöf fyrir sveitarfélög, m.a. um innleiðingu nýrra laga og stjórnvaldsfyrirmæla sem snerta starfsemi sveitarfélaga.
- Umsjón með störfum fræðslumálanefndar og skólateymis sambandsins.
- Umsjón með starfi félagsþjónustunefndar og félagsþjónustuteymi sambandsins.
- Umsjón með starfi Námsleyfasjóðs, Endurmenntunarsjóðs grunnskóla og Námsgagnasjóðs.
- Seta í stjórn Sprotasjóðs, Vonarsjóðs FG og SÍ.
- Seta í stjórn Úrvinnslusjóðs
- Seta í stýrihópi rammasamnings um hús-næðismál.
- Seta í verkefnisstjórn aðgerðaáætlunar um loftslagsmál.

Áhersluatriði lögfræði- og velferðarsviðs

Helstu verkefni, frh.

- Þátttaka í samráðsnefnd um skýra verk- og ábyrgðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga (Grábókarnefnd).
- Umsjón með samstarfsvettvangi sveitarfélaga um loftslagsmál og Heimsmarkmiðin.
- Umsjón með verkefnisstjórn um úrgangsmál.
- Stoðþjónusta við stafrænt teymi.
- Umsjón með samráðshópi persónuverndarfulltrúa.
- Utanumhald um sérfræðingahóp og fræðsla um innkaupamál sveitarfélaga.

Tekjustofnar sveitarfélaga

- Endurskoðun á fyrirkomulagi fasteignaskatta. → 3.6
- Skattlagning raforkumannvirkja. → 3.6
- Vatns- og fráveitugjald, lagabreyting.


Stjórnsýsla sveitarfélaga o. fl.

- Framkvæmdaáætlun lýðheilsustefnu. → 4.15
- Hvítbók/þingályktun um sveitarstjórnarmál. → 3.1
- Endurskoðun sveitarstjórnarlaga. → 3.1
- Fræðsla fyrir fastanefndir sveitarfélaga. → 2.6

Menntun og velferð barna

Kaflar í
stefnumörkun

- Mótun leiðbeininga fyrir starfsfólk skóla vegna erfiðra hegðunarvandamála.
- Eftirfylgni við innleiðingu barnaverndarlaga. → 5.14
- Stuðningur við innleiðingu farsldarlaganna og fullnægjandi fjármögnun. → 5.1, 5.16, 5.17, 5.20
- Heildstæð skólabjónusta. → 5.2, 5.5, 5.8, 5.9, 5.15, 5.17
- Starfsþróun. → 5.2, 5.3
- Starfshópur um nýliðun kennara. → 5.2, 5.3
- Fagháskólanám í leikskólafræðum. → 5.3
- Þátttaka í samráðsteymi um börn á flóttu. → 5.9
- Stýrihópur um aðgengi að þjónustu við börn. → 5.8, 5.9
- Ráðstöfun fjármuna í grunnskóla fyrir alla. → 5.4
- Börn með fjölþættan vanda. → 5.10
- Grunnmenntun eflid í raunvísindum og tækni (GERT). → 5.21
- Nýr matsferill í grunnskólum.
- Endurskoðun á undanþágukafla aðalnám-skrár.
- Heildstæð skoðun og samfélagslegt samtal um þjónustu við börn á aldrinum 0-6 ára. → 5.6
- Aukið samtal og samstarf sveitarfélaga og ríkis á sviði íþrótta-, frístunda-, og æskulýðsmála. → 5.19



Áhersluatriði lögfræði- og velferðarsviðs

Félagspjónusta

- Þátttaka í landsáætlun um innleiðingu á samningi sameinuðu þjóðanna um málefni fatlaðs fólks. → 4.4, 4.1
- Vöktun samkomulags um samræmda móttöku flóttafólks. → 4.10
- Þátttaka í mótun stefnu um velferðartækni. → 4.13
- Þátttaka í heildarendurskoðun á þjónustu við eldra fólk. → 4.2
- Samkomulag um framtíðarfyrirkomulag NPA. → 4.5
- Sambandið beiti sér fyrir því að stefnumótun um málefni heimilisláusra með miklar og flóknar stuðningsþarfir verði gerð með aðkomu ríkis og sveitarfélaga. → 4.11
- Beita sér fyrir heildarendurskoðun á lagaramma um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, með áherslu á virkni og þátttöku notenda. → 4.12
- Kortlagning á mönnunar- og menntunarþörf í velferðarþjónustu. → 10.1
- Þátttaka í landssamráði gegn ofbeldi.
- Skýrari ábyrgðarskipting við endurskoðun laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar þjónustubarfir. → 4.1, 4.3

Húsnæðis-, skipulags og brunamál


Kaflar í
stefnumörkun

- Framfylgd aðgerðaáætlunar með ramma-samningi um húsnæðismál. → 6.3, 6.4, 6.6
- Þátttaka í gerð frumvarps um lóðarleigusamninga. → x.x
- Þátttaka í gerð frumvarps um tímabundnar uppbyggingarheimildir í skipulagi. → 6.5
- Þátttaka í að skilgreina og innleiða einn feril til uppbyggingar íbúðarhúsnæðis. → 6.10
- Þátttaka í starfshópi um breytt fyrirkomulag og ráðstöfun skipulagsgjalds. → 6.2
- Þátttaka í gerð aðgerðaáætlunar um að útrýma óviðunandi íbúðarhúsnæði og sporna gegn óleyfisbúsetu. → 6.7
- Breytingar á lögum um lögheimili og aðsetur og skilgreining á því hvar sveitarfélögum ber að veita þjónustu. → 6.8
- Endurskoðun á lagaákvæðum um heimgistingu. → 6.11

Umhverfis, loftslags og auðlindamál

Kaflar í
stefnumörkun

- Innleiðing hringrásarhagkerfis, stuðningsverkefni. → 7.5
- Innleiðing hringrásarhagkerfis fræðsla til almennings. → 7.5
- Þátttaka í endurskoðun á fyrirkomulagi framleiðendaábyrgðar. → 7.7
- Betri flokkun byggingarúrgangs. → 6.10
- Þátttaka í Byggjum grænni framtíð. → 6.10
- Aukið samstarf sveitarfélaga um gerð og framkvæmd loftslagsstefnu. → 7.2



Áhersluatriði lögfræði- og velferðarsviðs

Umhverfis, loftslags og auðlindamál, frh.

Kaflar í
stefnumörkun

- Samstarf við stofnanir um að gera miðlægar upplýsingar um losun GHG verði aðgengilegar sveitarfélögum og landshlutum. → 7.3
- Aðgerðaáætlun um aðlögun að loftslagsbreytingum.
- Málþing um aðlögun að loftslagsbreytingum. → 7.1
- Mat á áhrifum tillögu um breytingar á fráveitutilskipun ESB. → 7.8
- Sambandið beiti sér fyrir því að ríkið styðji orkuskipti í samgöngum um allt land. → 7.4
- Sambandið beiti sér fyrir því að öll áform um nýja þjóðgarða og ný friðlýst svæði ásamt stækkun þeirra verði undirbúin í góðri sátt við hlutaðeigandi sveitarfélög. → 7.9
- Endurskoðun á verklagi við gerð rammaáætlunar. → 8.18
- Mótun verði stefna um lagaumhverfi um starfsemi vindorkuvera. → 8.19
- Stefna og aðgerðaáætlun um brunavarnir. → 8.21
- Aðkoma sveitarfélaga verði tryggð við áætlanagerð um almannavarnir. → 8.23
- Þátttaka í stefnumótun um landbúnað og fæðuöryggi. → 8.27

Byggða-, atvinnu- og samgöngumál

- Virkja ívilunarheimildir námslánakerfisins. → 8.4
- Starfshópur um lagaumhverfi almennings-samgangna. → 8.11

Rekstrar- og útgáfusvið

Megin markmið

Meginhlutverk sviðsins er að sinna stoðþjónustu við yfirstjórn og önnur svið sambandsins, annast mannauðsmál og rekstur sambandsins og samstarfsstofnana þess og sjá um útgáfumál, þ. á m. vefsíðu, Sveitarstjórnarmál og Tíðindi.

Helstu verkefni

- Að bæta nýtingu fjármuna sambandsins.
- Að gæta þess að fjárhagsáætlun ársins sé fylgt eða breytingar á henni samþykktar.
- Að ljúka gerð reikningskila og ársreiknings sem fyrst eftir hver áramót.
- Að huga vel að þeim mannauði sem sambandið býr yfir og tryggja að sambandið sé fjölskylduvænn og eftirsóknarverður vinnustaður.
- Að gæta þess að upplýsingar, útgefið efni og vefsíða sambandsins mæti þörfum og væntingum markhópa.

Áhersluatriði rekstrar- og útgáfusviðs 2023

Rekstur

Kaflar í
stefnumörkun

- Innleiða pappírslaut bókhald. → 2.9
- Vinna sameiginlega í því að hagræða í rekstri sambandsins með loftslagsmál að leiðarljósi. → 2.9
- Útbúa skýrar verklagsreglur varðandi símenntun starfsfólks. → 2.9
- Fara í frekari flokkun á úrgangi í samvinnu við húsfélagið. → 2.9
- Vinna að því að minnka prentun enn frekar hjá sambandinu. → 2.9

Útgáfu- og kynningarmál

- Auka hlut samfélagsmiðla í kynningarmálum sambandsins. → 2.6
- Nýta myndbönd meira í kynningarmálum. → 2.6
- Fá utanaðkomandi ráðgjöf hvað varðar almannatengsl og kynningarmál. → 2.8
- Móta stefnu í kynningar- og fræðslumálum sambandsins. → 2.6
- Skoða hvort hefja eigi útgáfu sveitarfélaga hlaðvarps. → 2.8

Innri málefni

Kaflar í
stefnumörkun


- Ljúka við breytingar í Borgartúni 30 eftir framkvæmdir.
- Framkvæma vinnustaðamælingar annan hvern mánuð.
- Efla símenntun starfsfólks.
- Efla sambandið sem heilsueflandi vinnustað.
- Halda áfram að auglýsa störf hjá sambandinu óháð staðsetningu.
- Semja við mannauðssérfræðinga og framkvæma áhættumat á vinnustaðnum.
- Styðja og taka þátt í vinnu við skipulagsbreytingar.
- Innleiða fjarvinnustefnu.



2.9

Skjalavarsla

- Tilkynna rafræn gagnasöfn sambandsins og Lánasjóðsins til Þjóðskjalasafns.
- Grisja, skrá og pakka óvirkum skjölum.
- Starfsmatsskjöl.
- Skjalavistunaráætlun.
- Grisjun bókhalds eldra en sjö ára.
- Pakka sýnishornum fylgiskjala bókhalds 2015.
- Samstarf við kjarasvið um notkun á skjalakerfi.



Þróunar- og alþjóðasvið

Megin markmið

Þróunar- og alþjóðasvið hefur það meginhlutverk að vinna að framþróun og nýsköpun í stjórnsýslu og þjónustu íslenskra sveitarfélaga, sérstaklega í lýðræðismálum, byggða- og atvinnuþróunarmálum, mannréttinda- og jafnréttismálum og stafrænum málum. Sviðið hefur umsjón með erlendum samskiptum sambandsins og gætir hagsmuna íslenskra sveitarfélaga í EES-samstarfinu og gagnvart ESB og miðlar upplýsingum um þau mál. Einnig stuðlar það að því að sveitarstjórnarmenn verði hæfari til að takast á við verkefni sveitarfélaga í síbreytilegu umhverfi.

Helstu verkefni

- Að sveitarfélög séu upplýst um nýjungar í stjórnsýslu og þjónustu íslenskra og erlendra sveitarfélaga og nýti sér tækifæri til framþróunar og nýsköpunar.
- Að sveitarstjórnarmenn eigi kost á fræðslu sem er sniðin að þörfum þeirra.
- Að sveitarfélög séu upplýst um tækifæri sín og skyldur samkvæmt EES-samningnum.
- Að tekið sé tillit til sjónarmiða íslenskra sveitarfélaga á vettvangi EES og ESB.
- Stafrænt samstarf sveitarfélaga.
- Forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni 2021-2025, sbr. þingsályktun nr. 37/150.

Áhersluatriði Þróunar- og alþjóðasviðs 2023

Nýsköpunar- og þróunarmál

- | | Kaflar í
stefnumörkun |
|--|--------------------------|
| • Vinna í gegnum stýrihóp um sjálfbært Ísland að kortlagningu á sjálfbærnistöðu sveitarfélaga fyrir grænbók um sjálfbært Ísland og taka þátt í gerð hvítbókar með beinum tillögum sem ljúka á síðar á árinu. | 1.12 |
| • Þátttaka (VSR) í skýrslu Íslands (VNR) um framgang heimsmarkmiðanna fyrir Sameinuðu þjóðunum. | 1.12, 9.11 |
| • Skoða að taka þátt í gerð norræns VNR/VSR. | 1.12, 9.11 |
| • Ná samkomulagi við ríkið um fjármögnun og umsýslu heimsmarkmiðamælikvarða fyrir sveitarfélög á grundvelli þeirrar grunnvinnu sem hefur verið unnin í samstarfi ríkis og sveitarfélaga. | 1.12, 9.11 |
| • Ná niðurstöðu um framhald á stuðningi við sveitarfélög um innleiðingu heimsmarkmiðanna. | 1.12, 9.11 |
| • Taka upp samtal við Ríkiskaup um hugsanlegt samstarf um nýsköpunaraðgerðir þar sem FJR hefur falið Ríkiskaupum að sjá um framkvæmd nýsköpunarverkefna fyrir hið opinbera. | 9.1 |

Stafræn umbreyting

- | | Kaflar í
stefnumörkun |
|--|--------------------------|
| • Vinna að stefnumörkun og aðgerðaáætlun í stafrænni umbreytingu sveitarfélaga í góðu samstarfi við sveitarfélög og ríkið. | 9.2 |
| • Auka þekkingarstig kjörinna fulltrúa og annarra stjórnenda sveitarfélaga, starfsfólks og annarra hagaðila á tækifærum stafrænnar umbreytingar, nýtingu tækni og nýsköpunar við úrlausn áskorana. | 9.3 |



Áhersluatriði þróunar- og alþjóðasviðs 2023

Stafræn umbreyting, frh.


Kaflar í
stefnumörkun

- Vinna að pappírslausri stjórnsýslu sveitarfélaga og rafrænum skilum. → 9.5
- Upplýsingartækniinnviðir sveitarfélaga verði þróaðir á grundvelli sameiginlegra kröfuhlýsinga og út frá sjálfvirkni með það að markmiði að ná fram auknu rekstrarhagræði og bættri þjónustu samhliða því sem öryggi gagna sé tryggt. → 9.6
- Efla samstarf við ríkið (Stafrænt Ísland) til að sveitarfélög geti nýtt miðlægan vettvang, island.is, við þróun þjónustu fyrir sveitarfélög. → 9.4
- Innleiðing hjá öllum sveitarfélögum á brautryðjandiverkefninu um fjárhagsaðstoð inn á island.is. → 2.10, 9.4
- Framkvæmd og innleiðing Spjallmenns fyrir þau sveitarfélög sem taka þátt. → 2.10
- Þróun sameiginlegs framenda fyrir íbúa inn á island.is fyrir verkefnið *Borgað þegar hent er* verði það niðurstaða HMS og vinnuhóps verkefnisins. → 2.10, 9.4
- Þróun framenda vegna miðlægrar skráningar grunnskólabarna á Íslandi í skóla verði það niðurstaða vinnuhóps ráðuneytis menntamála. → 2.10
- Tæknigrunns stefna, leiðbeiningar og kröfuhlýsingagerð. → 2.10, 9.2
- Stuðningur vegna innleiðingar sveitarfélaga á pósthólfi island.is. → 2.10, 9.4
- Frekari uppbygging samstarfs sveitarfélaga í stafrænni umbreytingu og formbinding þess á grundvelli skýrslu KPMG. → 2.10, 9.7

Forvarnamál

Kaflar í
stefnumörkun

- Opnir samráðs- og kynningarfundir vegna forvarnaráætlunar, fyrir stjórnendur og starfsfólk stofnana, fyrirtækja og önnur áhugasöm. → 5.16
- Vinna að upplýsingahandbók um forvarnaráætlunina. → 5.16
- Samráð og fundir með starfsfólki Menntamálastofnunar vegna aðgerðar C.3. um þróun og gerð námsefnis fyrir grunnskóla. → 5.16
- Vinna að fræðsluátaki um stafrænt ofbeldi meðal barna í 8. bekk, í samvinnu með Ríkislögreglustjóra. → 5.16
- Vinna að fræðsluátaki um stafrænt ofbeldi meðal barna í 7. bekk, í samvinnu með Neyðarlínunni-112 í tengslum við aðgerð A.7 um fræðsluáttak um kynferðislega friðhelgi. → 5.16
- Áfram verður unnið að samráði með framhaldsskólunum vegna aðgerða D.1, D.2 og D.3 um fræðslu til starfsfólks framhaldsskóla. Skipuleggja fundarröð. → 5.16
- Kynningarherferð vegna aðgerðar A.4 um gagnvirkt netnámskeið fyrir allt starfsfólk sem starfar með börnum og ungmennum, í samvinnu með Barna- og fjölskyldustofu. → 5.16
- Samráð og fundir með Stígamótum vegna aðgerðar C.5. um forvarnir í félagsmiðstöðvum. → 5.16
- Ljúka við þýðingu og staðfæringu á handbók fyrir starfsfólk skóla og frístundar um viðbrögð við óeðlilegri kynferðislegri hegðun barna og ungmenni. → 5.16
- Samráð og fundir með Mennta- og barnamálaráðuneyti vegna aðgerðar D.4 um námsefni fyrir starfsbrautir. → 5.16
- Mat á árangri einstakra aðgerða. → 5.16



Áhersluatriði þróunar- og alþjóðasviðs 2023

Lýðræðismál

Kaflar í
stefnumörkun

- Vinna að því á grundvelli stefnumörkunar landsþings 2022 og Grænbókar um málefni sveitarfélaga að sambandið verði þekkingarmiðja um íbúasamráð og þátttöku íbúa. → 4.17, 4.18
- Standa fyrir þematískum fræðslufundum fyrir sveitarfélög um íbúasamráð í samvinnu við innlenda og erlenda aðila. → 4.17, 4.18

Mannréttinda- og jafnréttismál

Kaflar í
stefnumörkun

- Fylgja eftir framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda í gegnum þátttöku í innflytjendaráði. → 4.8
- Samstarf við Jafnréttisstofu um stuðning við sveitarfélög um gerð jafnréttisáætlana í samræmi við 13. gr. laga um stjórnýslu jafnréttislaga, nr. 151/2020. → 4.16
- Kynna nýjan evrópskan jafnréttissáttmála fyrir íslenskum sveitarfélögum eftir að hann hefur verið þýddur á íslensku og gerður aðgengilegur á netinu. → 1.3

EES-mál

Kaflar í
stefnumörkun

- Verkefnisstjórn Evrópuskrifstofu á þátttöku sambandsins í Horizon Europe. Aðlögunarleiðangri ESB og framkvæmd Græns og snjalls Íslands (s.k. GOS í byggðaáætlun) og ráðning styrkjasérfræðings með stuðningi umhverfisráðuneytisins.
- Framhald á starfi Evrópuskrifstofunnar um að tengja saman mismunandi hagaðila um móttun umsókna um ESB styrki til grænna og snjallra verkefna sem gagnast sveitarfélögum.
- Vinna að fræðsluáttaki um stafrænt ofbeldi meðal barna í 8. bekk, í samvinnu með Ríkislögreglustjóra.
- Halda áfram að styrkja samstarfstengsl um EES hagsmunagæslu, s.s. um endurskoðun fráveitutilskipunar ESB, nýja tilskipun um vatnsveitur, löggjöf sem tengist hringrásarhagkerfinu og um náttúruvernd, tillögur um jöfn laun og löggjöf um stafræn mál.
- Ofangreint verður útfært nánar í erindisbréfi fyrir nýtt EES-teymi sem forstöðumaður Evrópuskrifstofunnar mun leiða.
- Halda áfram vinnu við að kynna tækifæri sveitarfélaga til þátttöku í verkefnum sem eru fjármöggnuð af EES-uppbyggingarsjóðnum.
- Samráð við utanríkisráðuneytið um áherslur EES-uppbyggingarsjóðsins fyrir næsta styrkjatímabil. Sambandið leggur áherslu á að áfram verði sérstök áætlun innan sjóðsins um uppbyggingu sveitarfélaga, auk þess að s.k. tvíhliða-sjóðir verði nýttir til þess að mynda tengslanet og umsóknarhópa í tengslum við sókn í samstarfsáætlanir ESB, t.d. LIFE og Digital Europe.



9.1, 2.11



9.1, 2.11



5.16



2.11




2.11



2.11



2.11



Áhersluatriði þróunar- og alþjóðasviðs 2023

EES-mál frh.

Kaflar í
stefnumörkun

- Halda áfram að þróa og styrkja Sveitarstjórnarvettvang EES EFTA. Ísland verður með formennsku í vettvanginum árið 2023. → 2.11
- Halda áfram útgáfu á *Helstu mál á vettvangi ESB*. → 2.11

Önnur erlend samskipti

Kaflar í
stefnumörkun

- Skipuleggja námsferð um stafræna umbreytingu sveitarfélaga skv. umleitun SSSFS. → 2.4
- Kanna áhuga norrænna systursambanda á að til verði tengiliðahópur þeirra um stafræn mál og að fyrsti fundur verði haldinn á Íslandi árið 2023. → 2.10
- Hafa umsjón með aðkomu Sveitarstjórnarþings Evrópu og íslenskra sveitarfélaga að formennsku Íslands í Evrópuráðinu. → 2.5



Starfsáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga **2023**



Samþykkt á stjórnarfundum 16. desember 2022